

Sp. 747. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um skipulega leit að fiskimiðum fyrir Norðurlandi og Austfjörðum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson,
Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að heita sér fyrir því, að fram fari skipuleg leit að nýjum togaramiðum fyrir norðan land og austan.

Nauðsynlegur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja það brýna nauðsyn, að nú þegar verði á skipulegan hátt hafizt handa um leit að nýjum fiskimiðum fyrir togara úti fyrir Norður- og Austurlandi, þar sem nýfengin reynsla bendir til, að vel megi vænta árangurs af slíkri leit.

Þetta er svo þýðingarmikið mál, að enginn dráttur á framkvæmd má eiga sér stað. Verkefninu verður þó ekki lokið á einu sumri. Er þess að vænta, að milli-þinganevnd í atvinnumálum, sem Alþingi hefur samþykkt að kjósa, gefi gaum að þessu viðfangsefni, þegar hún tekur til starfa, en Alþingi getur ekki beðið þess með ráðstafanir til framkvæmda.

Hinn 3. þ. m. birti dagblaðið Tíminn mjög athyglisverða grein um þessi mál, þar sem m. a. er skýrt frá álitum skipstjórans á togaranum Austfirðingi. Leyfa flutningsmenn sér að vitna til upplýsinga í grein þessari, og er hún prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Ný fiskimið?

Í flestum sjóþorpum austan lands og norðan hefur verið komið upp dagóðri aðstöðu til fiskverkunar, þó að sums staðar kunni sitthvað að standa til bóta. Vandí þessara byggðarlaga er að fá hráefni til fiskvinnslustöðvanna. Afli vélbáta er mjög bundinn árstíðum. Á sumum stöðum er fiskur ekki á nærliggjandi miðum nema nokkra mánuði ársins, og smærri bátar eru þann tíma mjög háðir straumum og veðri.

Starfstími fiskiðjuveranna verður of stuttur, eigi þau að búa við bátafisk einvörðungu. Halli verður á rekstri þeirra. Og atvinna verkafólks verður stopul og afkoman léleg.

Allmargir togarar eru gerðir út austan lands og norðan. Hafa útgerðirnar leitað við að leggja upp afla skipanna á heimahöfu. En aðalveiðisvæði togaranna er svo fjarri þessum landshlutum, að fisklandanir þar eru miklum erfiðleikum bundnar. Togari, sem veiðir fyrir vestan og sunnan land, eða t. d. við Grænland, eyðir meira en tveim sólarhringum umfram í siglingu, ef landa skal eystra. Því fylgir þá einnig styttri veiðitími, þar sem togari getur ekki, vegna geymslu fisksins, verið úti nema takmarkaðan tíma.

En er nú ekki hugsanlegt, að finna megi nálægari mið fyrir austfirzku og norðlensku togarana?

Fyrir austan og norðan land eru stórir flákar, sem nýtizku togarar geta fiskað á dýpis vegna. Skipuleg leit hefur ekki farið fram. En einstakir togarar hafa reynt fyrir sér hér og þar.

Þórður Sigurðsson, skipstjóri á Austfirðingi, hefur öðru hvoru eytt einu til tveim dægum í þessu augnamiði, og ekki án árangurs. Síðastl. sumar fann hann fiskimið austur af Kolbeinsey. Entist þetta mið, ásamt fleiri smáglöggvum, svo vel, að Austfirðingur hefur ekki aflað betur annað sumar. Fátt skípa var á þessum slóðum. Og miðið er lítið og mun þola illa mörg veiðiskip í lengri tíma.

Það er skoðun Þórðar, að ekkert verði betra gert fyrir fiskiðjuverin og togaraútgerðirnar en að láta fara fram skipulega leit að nýjum og nærtækari miðum á norðaustursvæðinu.

Hér er um mikið flæmi að ræða, sem liggur frá Kolbeinsey norður og austur fyrir Jan Mayen og þaðan suður undir Færeyjar.

Í suðurjaðri þess, þ. e. í krika á neðansjávargarðinum milli Færeyja og Íslands, er alþekkt karfamið, sem Þjóðverjar sækja mikið á, „Rósagarðurinn“, og á brún landgrunnsins ekki langt þaðan er Þórshaf. Fyrir vestan hið umtalaða leitarsvæði hefur nýlega fundizt Jónsmið. Og austur af leitarsvæðinu eru þorskveiðimiðin við Bjarnarey og Barentshaf, þar sem Rússar eru sagðir hafa sópað upp karfa að undanfögnu.

Það var altítt, að stór karfi fengist á línu vélbáta á Austfjörðum, þegar róið var á haustin á dýpstu mið, 130—140 faðma. Karfamið eru að jafnaði um 200 faðma og þaðan af dýpri. Og hin stærri veiðiskip geta togað á allt að 350 faðma dýpi.

Allt þetta gefur bendingu um, að ófundin geti verið mikil fiskimið fyrir norðan og austan land.

Togaraútgerð hefur staðið höllum fæti um sinn. Hver veiðiferð er dýrt og umfangsmikið fyrirtæki í sjálfu sér og krefst fyllstu afkasta og hraða í vinnubrögðum. Það er þess vegna enginn grundvöllur fyrir því, að einstakir togarar annist nauðsynlega leitarstarfsemi á eigin spýtur.

Á síðustu fjárlögum voru veittar 250 þús. kr. til leitar að nýjum fiskimiðum. Fiskimálasjóður mun og leggja nokkuð af mörkum.

Þess er að vænta, að forráðamenn láti ekki undir höfuð leggjast að sinna af myndarskap þeim þætti leitarinnar, sem hér er gerður að umtalsefni.

Það gæti, ef vel tekst til, reynzt drjúgur skerfur til eflingar því jafnvægi í byggð landsins, sem allir telja nú svo æskilegt.

(Tíminn, 3. maí 1955.)